

8. gr.

Hámarkslán til byggingar félagslegra íbúða miðast við 90% samþykkt byggingarkostnaðar íbúðar. Aður en bygging íbúðar hefst, skal liggja fyrir samþykki Húsnæðisstofnunar ríkisins við gerð íbúðarhúss, frágangi þess og búnaði, sbr. 44. og 45. gr. l. 51/1980 og rgl. 527/1980. Lánið getur þó aldrei numið hærri fjárhæð en 90% af staðalíbúðaláni samkvæmt þeim staðli, sem íbúð fellur undir, sbr. 1. mgr. 10. gr. rgl. 527/1980.

Til grundvallar ákvörðun um hámark láns, skal leggja byggingarkostnað staðalíbúðar þeirrar, sem íbúð fellur undir í byrjun þess ársfjórðungs, sem fókheldisstigi er náð, sbr. 10. gr. rgl. 527/1980.

9. gr.

Ef þörf verður talin á, skal reglugerð þessi og forsendur hennar endurskoðaðar, sérstaklega 5. og 6. gr.

Við endurskoðun skal haft samráð við byggingafróða aðila.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 35. gr. laga nr. 51 9. júní 1980, tekur gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið 9. apríl 1981.

Svavar Gestsson.

Hallgrímur Dalberg.

24. apríl 1981.

Nr. 228.

REGLUGERÐ

um veiðar í þorskfisknet maí—desember 1981.

1. gr.

Á tímabilinu frá kl. 18.00 8. maí 1981 til og með 20. maí 1981, eru allar veiðar í þorskfisknet bannaðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi.

2. gr.

Á tímabilinu frá og með 21. maí 1981 til og með 31. desember 1981, er óheimilt að stunda veiðar í þorskfisknet án sérstaks leyfis sjávarútvegsráðuneytisins.

Ráðuneytið getur bundið leyfi samkvæmt 1. mgr. og úthlutun þeirra þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja m. a. í því skyni að stuðla að auknum gæðum afla og takmarka fjölda eða veiðar einstakra gerða skipa.

3. gr.

Á tímabilinu frá og með 16. júlí 1981 til og með 15. ágúst 1981, eru allar þorskveiðar í net bannaðar.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar í net sbr. 1. mgr. má hlutur þorsks í heildarafla hverrar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Fari þorskafli yfir 15% af heildarafla einstakra veiðiferða, verður það sem umfram 15% er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81

31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. apríl 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.